

VIÐAUKI 7 MEÐ SAMKOMULAGI ÞÍH OG LSH DAGS. 16.1.2024

STARFSNÁMSTÍMI SÉRNÁMSLÆKNA Í HEIMILISLÆKNINGUM Á ÖLDRUNARLÆKNINGAÐEILD LANDSPÍTALA

Viðauki við samkomulag ÞÍH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa að jafnaði fjóra mánuði á öldrunarlækningadeild. Gert er ráð fyrir að starfsnám fari að megin hluta fram á göngudeildum þ.e. almennri göngudeild, minnismóttöku og byltumóttöku en einnig á endurhæfingardeildum, heilabilunareiningu og bráðaöldrunardeildum. Gert er ráð fyrir að sérnámslæknar í heimilislækningum taki vaktir á öldrunarlækningadeild eins og skipulag segir til um (Bundin vakt frá 16-20 virka daga og bakvakt eftir það. Um helgar og rauða daga bundin vakt frá 9-13 og bakvakt eftir það).
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á öldrunarlækningardeild. Ef þörf krefur er gert er ráð fyrir að mentor úr heilsugæslunni sé boðið á fund/símafund með sérnámslækni og/eða klíniskum handleiðara öldrunarlækningadeildar til að ræða aðlögun og setja sameiginleg markmið. Einnig fundar sérnámslæknir með klíniskum handleiðara sínum um miðbik námsdvalar til að ræða framgang og í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat. Sérnámslæknir hefur frumkvæði að því að skipuleggja fundi með klíniskum handleiðurum. Fundir eru skráðir í rafræna sérnámsmöppu.
3. Kennslustjóri öldrunarlækningar ásamt klíniskum handleiðara ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstímainni (í samvinnu við yfirlækni öldrunarlækninga og mentor viðkomandi sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar fær sérnámslæknir umsagnir (MCR) sem varðveittar eru í rafrænni sérnámsmöppu.
4. Námsmat á öldrunarlækningadeild fer að mestu fram með eftirfarandi aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling eða stjórnar teymis- eða fjölskyldufundi undir beinu eftirliti sérfræðings.
5. Á starfsnámstíma á öldrunarlækningadeild þurfa sérnámslæknar að skila a.m.k. 4 námsmötum (CbD eða Mini-CEX) sem sýna hæfni í eftirfarandi lærdómsmarkmiðum:
 - a. Aldurstengdum breytingum, Jafnvægisskerðingu, fallhættu
 - b. Fjölyfjanotkun
 - c. Vitrænni skerðingu
 - d. Algengum líkamlegum vandamálum (t.d. þvagleka, hægðatregðu, slappleika, svima, mæði, verkjum)
 - e. Óráði (delirium)
 - f. Meðferðarmarkmiðum
 - g. Almennri færniskerðingu og endurhæfingarúrræðum

